

Fálkasetur Íslands

-fundargerð-

Föstudaginn 9. maí 2014, kl. 15:00, er símafundur í stjórn Fálkaseturs Íslands. Þetta er 17. fundur stjórnar. Mættir eru Hjörleifur, Aðalsteinn, Sverrir og Ari Páll. Eftirfarandi málefni voru rædd.

1. Umsókn til Eypings

Fálkasetur Íslands hefur sótt um fjármagn til Eypings en enn hefur sú umsókn ekki verið tekin til afgreiðslu.

2. Frestun á aðalfundi

Stjórn Fálkaseturs Íslands náði ekki að halda aðalfund fyrir lok mars eins og kveðið er á um í samþykktum félagsins. Vegna anna yfir sumarmánuðina var ákveðið að fresta aðalfundi fram í október á þessu ári.

3. Fræðslusamstarf við Þjóðgarðinn

Ákveðið að hafa fræðslustarf með sama sniði og undanfarin ár. Stefnt er að því að hafa kennslu/þjálfun fyrir landverði einhvern daganna 18., 19. eða 20. júní ef hægt er. Lengri ferðin verður í kring um mánaðarmótin júní/júlí. Endanleg dagsetning verður ljós þegar þjóðgarðurinn verður búinn að setja niður fræðslustarf sumarsins.

4. Önnur mál

Fjármál félagsins voru rædd og kostnaður við uppfærslu á heimasíðu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið,

Aðalsteinn Örn Snæpórsson